

Miðvikudagur 29. nóvember 1961.

Nr. 125/1961. Valgerður Valdimarsdóttir
(Gunnar Þorsteinsson hrl.)

gegn

Félagsbúi Ólafs Jónssonar og Guðlaugar
Helgu Sveinsdóttur og Guðlaugu Helgu
Sveinsdóttur persónulega
(Magnús Thorlacius hrl.)

og

Guðlaug Helga Sveinsdóttir
gegn
Valgerði Valdimarsdóttur.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snæv-
arr prófessor

Fjármál hjóna. Búskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfégeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, dags. 23. júní 1961. Í Hæstarétti krefst aðaláfrýjandi þess, *aðallega* að stefnda félagsbú Ólafs Jónssonar og Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur verði dæmt að greiða áfrýjanda 50.000 krónur eða aðra fjárhæð lægri að mati Hæstaréttar auk 6% ársvaxta frá 1. janúar 1951 til greiðsludags og verði in solidum með Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur persónulega dæmt að greiða aðaláfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar. Til vara krefst aðaláfrýjandi þess, að málalok verði látin velta á eiði sínum.

Gagnáfrýjandi, Guðlaug Helga Sveinsdóttir, hefur áfrýjað málinu með stefnu, dags. 10. júlí 1961, að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 4. júlí s. á. Krefst hún þess *aðallega*, að hún verði sýknuð, en *til vara*, að kröfur aðaláfrýjanda verði

taldar sérkröfur á hendur eiginmanni hennar, Ólafi Jóns-
syni, eða að gagnáfrýjandi hljóti endurgjald sem þeim svar-
ar af hjúskapareign beggja hjónanna að frádregnum skuld-
um. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og
fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Samkvæmt aðiljaskýrslu aðaláfrýjanda, sem staðfest var
á dómþingi 10. ágúst 1960, telur hún sig hafa innt af hendi
lán til eiginmanns gagnáfrýjanda með því að afhenda hon-
um fyrst 25.000 krónur í því skyni að festa kaup á íbúð
þeirri, er í málinu greinir, og síðar hafi hún lánað honum
samtals 25.000 krónur til þess að gera íbúðina íbúðarhæfa.
Hafi þetta gerzt „annað hvort árið 1950 eða 1951“. Hún
kveðst ekki hafa fengið neinar kvittanir fyrir greiðslum
þessum. Eiginmaður gagnáfrýjanda viðurkennir kröfu aðal-
frýjanda, en hann telur sig fyrst hafa fengið 20.000 krónur
og síðar samtals 30.000 krónur að láni hjá aðaláfrýjanda,
og hafi fé þetta allt runnið til framangreindrar íbúðar.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, greiddi eigin-
maður gagnáfrýjanda bæjarsjóði Reykjavíkur 20.000 krón-
ur vegna kaupa á íbúðinni hinn 20. júní 1950. Leitt er í
ljós, að aðaláfrýjandi tók hinn 21. apríl 1950 20.000 krónur
úr sparisjóðsbók sinni, og jafnframt er sannað, að eigin-
maður gagnáfrýjanda lagði 20.000 krónur í sparisjóðsbók,
sem skráð var á hans nafn, hinn 24. apríl s. á. Með þessu
hefur aðaláfrýjandi leitt svo veigamiklar líkur að staðhæf-
ingu sinni um þenna hluta kröfunnar, að telja ber þessa
fjárhæð, kr. 20.000.00, ásamt 6% ársvöxtum frá kröfulýsing-
ardegi 21. maí 1959 til greiðsludags skuld eiginmanns gagn-
áfrýjanda við aðaláfrýjanda við búskipti þeirra gagnáfrýj-
anda vegna skilnaðar. Um aðra hluta kröfunnar, þ. e. 30.000
krónur, eru ekki komin fram þau sönnunargögn, að gagn-
áfrýjandi eigi að hlíta því, að sú krafa verði tekin til greina
við búskiptin. Ber að sýkna gagnáfrýjanda af þeirri kröfu
þegar af þessari ástæðu.

Lánsfé það, að fjárhæð 20.000 krónur, sem að framan
greinir, stafar af kaupum á íbúð, er eiginmaður gagnáfrýj-
anda flutti með sér í bú þeirra gagnáfrýjanda, er þau stofn-

uðu til hjúskapar í byrjun ágúst 1951. Íbúðina verður að telja hjúskapareign eiginmanns gagnáfrýjanda, og þar sem skuldin stafar af kaupum hans á henni, ber gagnáfrýjandi ekki ábyrgð á skuldinni, sbr. 25. gr. laga nr. 20/1923, enda er ósannað, að hún hafi tekið á sig sérstaka ábyrgð á henni. Gegnir þessu einnig við búskipti milli gagnáfrýjanda og eiginmanns hennar, sbr. 48. gr. laga nr. 20/1923. Þessari kröfu er því ranglega beint gegn gagnáfrýjanda persónulega og ber að sýkna hann af henni.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Gagnáfrýjanda, Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur, ber að hlíta því, að framangreind fjárkrafa aðaláfrýjanda, Valgerðar Valdimarsdóttur, að fjárhæð 20.000 krónur ásamt 6% ársvöxtum frá 21. maí 1959 til greiðlus dags, verði talin skuld eiginmanns gagnáfrýjanda, Ólafs Jónssonar, við búskipti þeirra vegna skilnaðar. Að öðru leyti á gagnáfrýjandi að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 25. marz 1961.

Valgerður Valdimarsdóttir, Skálholtsstíg 2 A, sóknaraðili máls þessa, hefur gert þær réttarkröfur, að varnaraðilja, félagsbúi Ólafs Jónssonar og Guðlaugar H. Sveinsdóttur, verði gert að greiða sér kr. 50.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1951 til greiðsludags, enn fremur að félagsbúinu og Guðlaugu H. Sveinsdóttur verði in solidum gert að greiða málskostnað.

Ólafur Jónsson hefur samþykkt þessa kröfu sóknaraðilja, en varnaraðilinn Guðlaug Helga Sveinsdóttir hefur krafizt þess, aðallega að þessari fjárkröfu sóknaraðilja verði algerlega hrundið, en til vara, að hún verði aðeins greidd af búshelmingi Ólafs Jóns-

sonar í félagsbúinu sem sérkrafa. Í báðum tilvikum er þess krafizt, að sóknaraðilja verði gert að greiða málskostnað.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór hinn 8. þ. m.

Pau Ólafur Jónsson bifreiðarstjóri, nú til heimilis að Álfrheimum 66, og Guðlaug Helga Sveinsdóttir, nú til heimilis að Mjölnisholti 6, gengu í hjónaband í ágústbyrjun 1951. Hinn 15. október 1957 er hjónaskilnaðarmál þeirra tekið fyrir hjá borgardómaranum í Reykjavík að kröfu konunnar. Ekki varð samkomulag um skiptingu eignanna, og var því atriði vísað til skiptaréttarins. Þann 5. marz 1958 ritar umboðsmaður konunnar bréf til skiptaréttar Reykjavíkur með beiðni um, að bú þeirra verði tekið til opinberrar skiptameðferðar, og fylgdi bréfi þessu endurrit af hjónaskilnaðarbók Reykjavíkur. Skilnað að borði og sæng fengu aðiljar með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 6. júní 1958.

Uppskrift á eignum félagsbúsins fór fram hér í skiptaréttinum um hinn 11. marz 1958, að báðum aðiljum viðstöddum. Komu fram við uppskriftina, auk ýmiss konar húsmuna og bifreiðarinnar R 870, íbúð að Bústaðavegi 67 (3 herbergja íbúð á 1. hæð). Í lok uppskriftarinnar var ákveðið, að búið skyldi tekið til opinberra skipta og enn fremur, að gefin yrði út innköllun til skuldheimtumanna. Sjá að öðru leyti endurrit af skiptabók, rskj. 12 í máli þessu.

Innköllun til skuldheimtumanna í félagsbúi þessu var síðan gefin út hinn 14. marz 1958 og birt síðast í Lögbirtingablaðinu hinn 10. apríl sama ár.

Sóknaraðili, Valgerður Valdimarsdóttir, lýsir hinn 21. maí 1958 50 þúsund króna fjárkröfu í félagsbúið, og barst kröfulýsing hennar hingað til embættisins hinn 24. sama mánaðar.

Staðhæfir sóknaraðili, að hún hafi á árunum 1950—51 lánað Ólafi Jónssyni samtals kr. 50 þúsund. Hún segist ekki hafa fengið kvittanir fyrir þessum fjárhæðum, og hafi talið það óþarft, en Ólafur hafi boðizt til að skrifa þær. Hún segist heldur ekki hafa minnzt á þessa skuld Ólafs á framtölum sínum. Þá segist hún hafa kafið Ólaf um greiðslu nokkrum sinnum, en árangurslaust.

Að öðru leyti er kröfugerð sóknaraðilja rökstudd í málflutningi með tilvísun til yfirlýsinga Ólafs Jónssonar í máli þessu, sjá rskj. nr. 3 og nr. 16, og skýrir Ólafur frá á þessa leið:

Hann segist hafa misst fyrri konu sína hinn 16. ágúst 1948. Síðari hluta sumars 1949 segist hann hafa kynnt Guðlaugu

Helgu Sveinsdóttur, þau svo opinberað trúlofun sína hinn 23. október 1949 og farið að búa saman ógift vorið 1950. Dóttir þeirra hafi fæðzt hinn 22. júní 1950.

Ólafur segir nú, að vorið 1950 hafi hann ákveðið að kaupa eina af íbúðunum í svonefndu Bústaðahverfi við Bústaðaveg, en þær voru reistar af Reykjavíkurbæ og seldar fokheldar. Hann segist að vísu hafa verið eignalaus um það leyti, en góð kjör hafi verið boðin af bæjarins hálfu, og að auki hafi hann reiknað með aðstoð kunningja og velunnara, sem og hafi komið á daginn. Um þetta leyti segist hann hafa verið búinn að þekkja sóknaraðilja, Valgerði, í rúm 4 ár, og hún hafi nú lánað sér peninga, til þess að hann gæti fest sér íbúðina, og smátt og smátt hafi hún svo lánað sér samtals kr. 50 þúsund á árunum 1950 og 1951. Hann vísar til vottorðs borgarstjórans í Reykjavík á rskj. 15 um borgun á 20 þúsund króna tryggingarfjárhæð vegna kaupa á íbúð á Bústaðavegi 67. Þá segir Ólafur, að íbúð þessi hafi loks orðið íbúðarhæf hinn 16. júní 1951, og þau hafi flutt inn í hana þann dag, en gengið síðan í hjónaband í byrjun ágúst 1951.

Ólafur heldur því fram, að þá er hann kynntist og kvæntist Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur, hafi hann verið eignalaus og hafi henni verið það kunnugt svo og það, að hann hafi hlotið að fá lán til þessara kaupa og vinnu við að fullgera íbúðina.

Því er haldið fram af hálfu sóknaraðilja, að þetta lánsfé, kr. 50 þúsund, hafi gengið til þess að skapa verðmæti, sem hafi orðið eign félagsbús þeirra Ólafs Jónssonar og Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur. Uppboðsandvirði íbúðarinnar gangi nú inn í félagsbúið. Þau hafi að vísu ekki verið gengin í hjónaband, þá er Ólafur aflaði sér þessa lánsfjár, en þau hafi verið farin að búa saman og átt barn saman, og þau hafi notið þessarar fasteignar saman. Sé þannig mjög ósanngjarnt að láta Ólaf einan svara til þessarar skuldar.

Af hálfu Guðlaugar H. Sveinsdóttur er réttmæti þessarar fjárkröfu mótmælt og því haldið fram, að öll gögn vanti henni til sönnunar. Til vara er kröfunni mótmælt sem fyrndri. En þó aldrei nema svo væri, að sóknaraðili hafi veitt Ólafi þetta lán, sé þar um að ræða sérkröfu í búshluta hans, enda er því mótmælt, að henni hafi verið kunnugt um stofnun neins konar kröfu sóknaraðilja á hendur Ólafi Jónssyni.

Með vottorði Landsbanka Íslands á rskj. 14 í máli þessu er upplýst, að hinn 21. apríl 1950 voru 20 þúsund krónur greiddar

úr sparisjóðsbók á nafni sóknaraðilja. Þá er og upplýst með vottorðinu á rskj. 15, að Ólafur Jónsson hefur hinn 20. júní 1950 borgað bæjarsjóði kr. 20 þúsund vegna kaupa á íbúð á Bústaðavegi 67. Það er þó engan veginn sannað, að hið úttekna sparifé hafi gengið til þessarar greiðslu til bæjarsjóðs.

Sóknaraðilja og Ólafi Jónssyni ber saman um það, að engin skrifleg viðurkenning eða önnur slík skilríki séu til um kröfu þessa. Enn fremur hafa þau hvorugt talið hana fram til skatts. Styður sóknaraðili kröfugerð sína í máli þessu aðeins við eigin staðhæfingu og yfirlýsingu Ólafs Jónssonar.

Gegn eindregnum mótmælum varnaraðilja Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur þykir þegar af þeirri ástæðu ekki fært að úrskurða félagsbúið til þess að greiða þessa kröfu sóknaraðilja.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Fjárkrafa sóknaraðilja, Valgerðar Valdimarsdóttur, verður ekki tekin til greina. Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 30. nóvember 1961.

Nr. 143/1960. **Lárus Salómonsson** (Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Herði Ólafssyni (sjálfur).

Dómenndur:

**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr
og Theodór B. Lindal.**

Þóknun málflutningsmanns fyrir lögfræðilega aðstoð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1960. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 13.139.34 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. ágúst 1956 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda hér fyrir dómi.